

## AUGLÝSING

### um afgreiðslutíma Ísafjarðar Apóteks.

Samkvæmt heimildum í Reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Ísafjarðar Apóteks vera sem hér segir:

|   |          |
|---|----------|
| Mánudaga—föstudaga .....  | kl. 9—19 |
| Laugardaga, aðfangadag og gamlársdag .....                      | kl. 9—13 |
| Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndar reglugerðar. |          |

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. október 1973.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Almar Grímsson.*

5. október 1973.

Nr. 293.

## REGLUGERÐ

### um takmörkun leigubifreiða til mannflutninga í Hveragerði, Árnassýslu og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

#### 1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Hveragerði skal á hverjum tíma miðuð við íbúatölu Hveragerðishrepps, þannig að ein leigubifreið komi á hverja 150 íbúa, sem lögheimili eiga í Hveragerðishreppi, samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þegar rétt hlutföll eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita atvinnuleyfi í stað hvers leyfis sem losnar, svo og vegna fólksfjölgunar, eitt leyfi fyrir hverja 150 íbúa.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

#### 2. gr.

Við gildistöku reglugerðar þessarar skulu allir þeir, sem 31. des. 1972 voru starfandi leigubifreiðastjórar í Hveragerði og gerast meðlimir Félags bifreiðastjóra og eigenda leigubifreiða í Hveragerði hafa leyfi til að starfa sem leigubifreiðastjórar, enda hafi þeir sótt um atvinnuleyfi til stjórnar félagsins innan sex mánaða frá gildistöku reglugerðar þessarar, ella fellur réttur þeirra til leyfisins niður.

#### 3. gr.

Enginn bifreiðarstjóri má hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð Hveragerðis, nema hann hafi öðlast atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri í Hveragerði. Leyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa. Engum má úthlutað fleirum en einu atvinnuleyfi.

#### 4. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem ekki hafa afgreiðslu á bifreiðastöð í Hveragerði hafa ekki atvinnuréttindi þar, nema eftir kvaðningu fyrir fram.